

Fundur keppnisráðs í torfæru Haldinn á Messenger miðvikudaginn 17.3.2025 kl 19:30

Fundarritari: Axel Sigurðsson

Mættir: Axel Sigurðsson, Guðbjörn Grímsson, Guðni Jónsson, Valdimar Geir Valdimarsson, Sigurður Ingi Sigurðsson.

Rætt um eftirfarandi mál:

1. Farið yfir hvað hefur gengið á í reglumálum torfærunnar frá síðasta fundi. Bubbi og Axel hafa hitt regluráð og vinna verið í gangi á milli funda. Stefnt að því að skila af sér reglum til regluráðs í lok vikunnar.
2. Ákveðið að keppnisgjöld allra keppna í Íslandsmóti skuli vera 8 þúsund krónur auk þess gjalds sem AKÍS tekur til sín.
3. Greiðslur til dómara á keppni skulu að lágmarki vera 30.000 krónur fyrir þeirra þjónustu og skulu greiddast af keppnishaldara.
4. Dagskrá í keppnum til Íslandsmeistara skal vera eftirfarandi:
 - Keppni telst hafin þegar pittsvæði opnar fyrir keppendur.
 - Pittsvæði skal opna í síðasta lagi klukkan 6:30 á keppnisdag. Keppnishaldara er heimilt að opna pittsvæði fyrr og skal þá auglýsa það á rafrænni upplýsingatöflu.
 - Pittsvæði skal lokað fyrir innkeyrslu á keppnistækjum og aðstoðarbúnaði klukkan 8:30 á keppnisdag.
 - Skoðun á ökutækjum og búnaði keppenda skal hefjast í síðasta lagi klukkan 7:00 á keppnisdag og skal síðasti bíll tekinn til skoðunar eigi síðar en kl 9:00. Keppnishaldara er heimilt að hefja skoðun fyrr opni hann pittsvæði fyrr og skal það þá auglýst í sérreglum keppni.
 - Fyrsta ökutæki skal ræst í fyrstu þraut kl 10:00
 - Hádegishlé skal tekið að loknum akstri í fyrstu tveimur þrautum og skal hléið vera að lágmarki 20 mínútur frá því að síðasti ökumaður klárar akstur í þraut númer tvö. Keppnisstjóri skal tilkynna hversu langt hádegishléið skal vera að loknum akstri í annari þraut og láta kynni vita. Kynnir skal tilkynna klukkan hvað keppni hefst að nýju eftir hádegishlé.
 - Ef að akstri í þraut fjögur er ekki lokið sex klukkustundum eftir að akstur í fyrstu þraut hefst, skulu eingöngu 20 efstu keppendur í hverjum flokki ræsa í þær þrautir sem eftir eru.
 - Bráðabirgðaúrslit skulu birt svo fljótt sem hægt er að loknum akstri í síðustu þraut og skal verðlaunaafhending fara fram strax að lokinni birtingu þeirra úrslita.
 - Dagskrá telst lokið hálf tíma eftir að bráðabirgðaúrslit hafa verið birt, enda kærufrestur keppni lokið þá.

5. Rætt um hver yrði forsvarsmaður keppnisráðs torfæru árið 2025. Bubbi verður áfram forsvarsmaður.
6. Rætt um að AKÍS hafi verið send spurning um smíði á búi og að sú spurning hafi ekki verið send Keppnisráði í torfæru heldur hafi henni verið svarað af Öryggisráði. Keppnisráð hefði viljað vita af þessari spurningu.
7. Rætt um rásnúmer keppenda. Keppnisráði barst fyrirspurn um nýtt rásnúmer fyrir Gunnlaug Jón Gunnlaugsson. Ákveðið að senda honum skrá yfir þau númer sem eru laus til umsóknar.
8. Rætt um hvenær menn eigi að missa keppnisnúmerin sín, hvort það eigi að framfylgja reglum um tvö ár í keppni eða ekki. Ljóst að nóg er af lausum númerum þannig að ekki verður farið í að taka númer af mönnum að svo stöddu.
9. Rætt um skoðunarblöð sem á að nota við skoðun á ökutækjum og búnaði fyrir keppnistímabil og svo fyrir hverja keppni. Bubbi settur í að útbúa skoðunarblöð og senda uppkast á keppnisráðið.
10. Umræða um dómaramámskeið, námskeið fyrir keppendur ofl. Rætt um að auglýsa eftir áhugasömum til að koma inn í dómarastörf. Farið yfir að nauðsynlegt sé að hafa óreynda með reyndum þegar menn eru að hefja sinn dómaraferil til að læra vel á hvernig dómara eiga að starfa á keppnum. Leggja þarf upp með að halda námskeið á næstu þremur vikum. Rætt um að halda jafnvel yfirferð fyrir öikumenn helgina sem sýningin verður í RVK.
11. Rætt um að hvetja þurfi menn á netinu til að koma og taka þátt í námskeiðum fyrir keppnisstjóra, öryggisfulltrúa, þrautadómara ofl. Fá Andra og Palla til að fara yfir málið í Torfæruspjallinu ofl.

Fundi slitið kl 20:30